



Fréttablaðið, 01.05.2021, síðu 83
grein stærð: 65.34 sm²
grein hæð: 13.08 sm



Verk Errós, Mercury Astronauts.

Erró á Akureyri

Í dag, laugardaginn 1. maí, kl. 12-17 verður opnuð sýning á verkum Errós, Ferðagarpurinn Erró, í Listasafninu á Akureyri. Á sýningunni má sjá verk sem tengjast ferðalögum.

Verkin á sýningunni eru hluti af Erró-safneign Listasafns Reykjavíkur og sýningarstjóri er Danielle Kvaran Erró – sérfræðingur safnsins. Sýningin stendur til 12. september og er samstarfsverkefni Listasafnsins á Akureyri og Listasafns Reykjavíkur.